



**Viðauki I við breytingaforsíðureglugerðina um flugrekstur**

**Breytingar við viðauka IV – Liður-CAT (S, B)**

**Efnisyfirlit**

<b>Breytingar við viðauka IV (Liður-CAT).....</b>	<b>5</b>
<b>Undirliður A – Almenn ákvæði .....</b>	<b>5</b>
CAT.GEN.105 Ferðavélsviffflugur, vélflugur og blandaðir loftbelgir .....	5
<b>Kafli 2 - Óvélknúin loftför. ....</b>	<b>5</b>
CAT.GEN.NMPA.100 Ábyrgð stjórnanda .....	5
CAT.GEN.NMPA.105 Viðbótaráhafnarmeðlimur á loftbelg.....	7
CAT.GEN.NMPA.110 Valdsvið stjórnanda.....	7
CAT.GEN.NMPA.115 Sameiginlegt tungumál.....	7
CAT.GEN.NMPA.120 Handrafeindatæki .....	7
CAT.GEN.NMPA.125 Upplýsingar um neyðar- og björgunarbúnað um borð.....	7
CAT.GEN.NMPA.130 Áfengi og fíkniefni .....	7
CAT.GEN.NMPA.135 Öryggisógnir.....	7
CAT.GEN.NMPA.140 Skjöl, handbækur og upplýsingar sem bera á með sér .....	8
CAT.GEN.NMPA.145 Framlagning skjala og skráa.....	9
CAT.GEN.NMPA.150 Flutningur hættulegs varnings.....	9
CAT.GEN.NMPA.155 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli.....	9
<b>Undirliður B – Verklagsferli.....</b>	<b>10</b>
<b>Kafli 2 - Óvélknúin loftför. ....</b>	<b>10</b>
CAT.OP.NMPA.100 Notkun flugvalla og starfsstöðva.....	10
CAT.OP.NMPA.105 Verklag fyrir hávaðamildun – loftbelgir og vélknúnar sviffflugur.....	10
CAT.OP.NMPA.110 Upptaka eða áætlanagerð eldsneytis og kjölfestu — loftbelgir.....	10
CAT.OP.NMPA.115 Flutningur sérstakra flokka farþega (e. special categories of passengers - SCPs).....	10
CAT.OP.NMPA.120 Kynning til farþega.....	10
CAT.OP.NMPA.125 Undirbúningur flugs .....	10
CAT.OP.NMPA.130 Afhending flugáætlunar til flugumferðarþjónustu .....	11
CAT.OP.NMPA.135 Öryggisráðstafanir í farþega- og flugmannarými - loftbelgir.....	11
CAT.OP.NMPA.140 Reykingar um borð.....	11
CAT.OP.NMPA.145 Veðurskilyrði.....	11
CAT.OP.NMPA.150 Ís og önnur aðskotaefni – verklag á jörðu niðri.....	11
CAT.OP.NMPA.155 Flugtaksskilyrði.....	11

CAT.OP.NMPA.160	Hermun afbrigðilegra aðstæðna í flugi.....	12
CAT.OP.NMPA.165	Eldsneytis- og kjölfestustjórnun í flugi - loftbelgir.....	12
CAT.OP.NMPA.170	Notkun á viðbótarsúrefni.....	12
CAT.OP.NMPA.175	Aðflugs- og landingarskilyrði .....	12
CAT.OP.NMPA.180	Rekstrartakmarkanir – loftbelgir með heitu lofti.....	12
CAT.OP.NMPA.185	Rekstrartakmarkanir - sviffflugur.....	12
<b>Undirliður C - Afköst loftfars og starfrækslumörk.....</b>		<b>13</b>
<b>Kafli 4 - Sviffflugur.....</b>		<b>13</b>
CAT.POL.S.100	Stafrækslumörk .....	13
CAT.POL.S.105	Vigtun.....	13
CAT.POL.S.110	Afköst.....	13
<b>Kafli 5 - Loftbelgir.....</b>		<b>14</b>
CAT.POL.B.100	Stafrækslumörk.....	14
CAT.POL.B.105	Vigtun .....	14
CAT.POL.B.110	Kerfi til að skera úr um þyngd.....	14
CAT.POL.B.115	Afköst .....	14
<b>Undirliður D – Kerfi, gögn, tæki.....</b>		<b>15</b>
<b>Kafli 3 - Sviffflugur.....</b>		<b>15</b>
CAT.IDE.S.100	Tæki og búnaður - almennt.....	15
CAT.IDE.S.105	Lágmarksbúnaður fyrir flug.....	15
CAT.IDE.S.110	Starfræksla við sjónflugsskilyrði — flug- og flugleiðsögutæki.....	15
CAT.IDE.S.115	Flogið í skýjum — flug- og flugleiðsögutæki.....	16
CAT.IDE.S.120	Sæti og aðhaldsbúnaður .....	16
CAT.IDE.S.125	Viðbótarsúrefni .....	16
CAT.IDE.S.130	Flug yfir vatn.....	16
CAT.IDE.S.135	Björgunarbúnaður .....	17
CAT.IDE.S.140	Þráðlaus fjarskiptabúnaður.....	17
CAT.IDE.S.145	Leiðsögutækjabúnaður .....	17
CAT.IDE.S.150	Ratsjársvari.....	17
<b>Kafli 4 - Loftbelgir.....</b>		<b>18</b>
CAT.IDE.B.100	Tæki og búnaður - almennt.....	18
CAT.IDE.B.105	Lágmarksbúnaður fyrir flug.....	18
CAT.IDE.B.110	Starfræksluljós .....	18

CAT.IDE.B.115	Starfræksla við sjónflugsskilyrði — flug- og flugleiðsögutæki og tengdur búnaður .....	19
CAT.IDE.B.120	Aðhaldsbúnaður .....	19
CAT.IDE.B.125	Sjúkrakassar .....	19
CAT.IDE.B.130	Viðbótarsúrefni .....	19
CAT.IDE.B.135	Handslökkvitæki .....	19
CAT.IDE.B.140	Flug yfir vatn .....	20
CAT.IDE.B.145	Björgunarbúnaður .....	20
CAT.IDE.B.150	Margvíslegur búnaður .....	20
CAT.IDE.B.155	Þráðlaus fjarskiptabúnaður .....	20
CAT.IDE.B.160	Ratsjársvari .....	20

**Breytingar við viðauka IV (Liður-CAT)**

Viðauka IV (lið-CAT) við reglugerð (EB) nr.xx/xxxx er breytt sem hér segir:

**Undirliður A – Almenn ákvæði**

1) Nýju ákvæði er bætt við undirlið A – Almennar kröfur:

**CAT.GEN.105 Ferðavélsvifflugur, vélflugur og blandaðir loftbelgir**

- (a) Vélflugur, að undanskildum ferðavélsvifflugum, skulu starfræktar og útbúnar á þann hátt að þær uppfylli kröfurnar sem eiga við um svifflugur.
- (b) Ferðavélsvifflugur (e. touring motor gliders, TMGs) skulu starfræktar eftir kröfunum fyrir:
  - (1) flugvélar þegar þær eru aflknúnar af hreyfli; og
  - (2) svifflugur þegar þær eru starfræktar án hreyfils.
- (c) Ferðavélsvifflugur skulu útbúnar á þann hátt að þær uppfylli þær kröfur sem eiga við um flugvélar, nema annað sé tilgreint í undirlið CAT.IDE.A.
- (d) Blandaðir loftbelgir skulu starfræktir samkvæmt kröfunum fyrir loftbelgi með heitu lofti.

2) Nýr kafli 2 er felldur inn í undirlið A – Almennar kröfur eins og hér segir:

**Kafli 2 - Óvélknúin loftför.****CAT.GEN.NMPA.100 Ábyrgð stjórnanda**

- (a) Stjórnandinn skal:
  - (1) vera ábyrgur fyrir öryggi allra áhafnarmedlima og farþega um borð, frá þeim tíma er stjórnandinn kemur um borð í loftfarið, uns stjórnandinn yfirgefur loftfarið í lok flugferðar;
  - (2) vera ábyrgur fyrir starfrækslu og öryggi loftfarsins:
    - (i) fyrir loftbelgi, frá þeim tíma sem fylling belgsins hefst, þar til belgurinn er tæmdur, nema ef stjórnandinn hefur falið öðrum þar til bærum einstaklingi skyldur sínar á fyllingarstigi, þar til stjórnandinn kemur um borð í loftfarið, eins og tilgreint er í rekstrarhandbókinni (e. operations manual, OM);
    - (ii) fyrir svifflugur, frá þeim tíma sem flugtaksferli er hafið, þar til svifflugan stöðvast í lok flugferðar;

- (3) hafa vald til að gefa allar skipanir og grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana í þeim tilgangi að tryggja öryggi loftfarsins og einstaklinga og/eða eigna um borð í samræmi við 7.c. í viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 216/2008;
  - (4) hafa vald til að hleypa ekki um borð og vísa frá borði öllum einstaklingum sem af getur stafað möguleg hættu fyrir öryggi loftfarsins eða þá sem um borð eru;
  - (5) ekki leyfa einstaklingi að ferðast með loftfarinu sem virðist undir áhrifum alkóhóls eða lyfja að svo miklu leyti að öryggi loftfarsins og þeirra sem eru um borð telst stefnt í hættu;
  - (6) tryggja að allir farþegar hljóti öryggisleiðbeiningar;
  - (7) að tryggja að öllum starfsreglum og gátlistum sé fylgt í samræmi við viðeigandi handbók;
  - (8) tryggja að skoðun fyrir flug hafi verið gerð í samræmi við kröfur í viðauka I (lið-M) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003;
  - (9) vera viss um að viðeigandi neyðarbúnaður sé hæglega tiltækur til tafarlausrar notkunar;
  - (10) uppfylla viðeigandi kröfur í atvikatilkynningaráætlun flugrekanda;
  - (11) uppfylla öll tímatakörk í flugi og vöktum (e. flight and duty time limitations – FTL) og hvíldarkröfur sem eiga við um starf hans/hennar;
  - (12) þegar hann/hún sinnir skyldum fyrir fleiri en einn flugrekanda:
    - (i) halda í skráningu um tímatakörk í flugi og hvíldarkröfur og í samræmi við viðeigandi FTL kröfur, og
    - (ii) fá hverjum flugrekanda í hendur þau gögn sem nauðsynleg eru til að skipuleggja vinnu hans/hennar í samræmi við kröfur um tímatakörk í flugi og hvíldarkröfur.
- (b) Stjórnandinn skal ekki sinna starfi um borð í loftfari:
- (1) þegar hann/hún er áhrifum geðvirkra efna eða alkóhóls eða er ófær vegna meiðsla, þreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra álíka orsaka;
  - (2) uns ásættanlegur tími hefur liðið eftir að hann/hún hefur verið í djúpköfun eða gefið blóð;
  - (3) ef viðeigandi heilsukröfur eru ekki uppfylltar;
  - (4) ef hann/hún hefur einhverjar efasemdir um að geta sinnt starfi sínu; eða
  - (5) ef hann/hún veit eða grunar að hann/hún þjáist af þreytu, eins og vísað er til í 7.f. í viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða finnst hann/hún ófær af öðrum ástæðum, að því marki að fluginu geti verið stefnt í hættu.
- (c) Stjórnandinn skal, í neyðaraðstæðum sem krefjast tafarlausra ákvarðana og aðgerða, grípa til allra aðgerða sem stjórnandinn telur nauðsynlegar við kringumstæður í samræmi við 7.d. í viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Í slíkum tilvikum má hann/hún hvíla frá reglum, starfsreglum og aðferðum öryggisins vegna.
- (d) Stjórnandi loftbelgs skal:
- (1) vera ábyrgur fyrir fyrirflugskynningu þeirra einstaklinga sem aðstoða við uppblástur og lofttæmingu belgsins;
  - (2) tryggja að engir einstaklingar séu að reykja um borð eða í grennd við loftbelginn; og

- (3) tryggja að einstaklingar sem aðstoða við uppblástur og lofttæmingu belgsins klæðist viðeigandi hlífðarfatnaði.

#### **CAT.GEN.NMPA.105 Viðbótaráhafnar meðlimur á loftbelg**

- (a) Þegar loftbelgur ber fleiri en 19 farþega, skal a.m.k. einn viðbótaráhafnar meðlimur með viðeigandi reynslu og þjálfun vera viðstaddur um borð til að aðstoða farþega ef það kemur til neyðarástands.
- (b) Viðbótaráhafnar meðlimur skal ekki sinna starfi um borð í loftbelg:
  - (1) þegar hann/hún er undir áhrifum geðvirkra efna eða alkóhóls;
  - (2) þegar hann/hún er ófær vegna meiðsla, þreytu, lyfjagjafar, veikinda eða annarra álíka orsaka; eða
  - (3) uns ásættanlegur tími hefur liðið eftir að hann/hún hefur verið í djúpköfun eða gefið blóð;

#### **CAT.GEN.NMPA.110 Valdsvið stjórnanda**

Flugrekandi skal grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að allir einstaklingar um borð í loftfarinu hlýði öllum löglegum skipunum stjórnanda, sem gefnar eru til að tryggja öryggi loftfarsins og einstaklinga eða eigna um borð.

#### **CAT.GEN.NMPA.115 Sameiginlegt tungumál**

Flugrekandi skal tryggja að allir áhafnar meðlimir geti átt samskipti á sameiginlegu tungumáli.

#### **CAT.GEN.NMPA.120 Handrafeindatæki**

Flugrekandi skal ekki leyfa nokkrum einstaklingi að nota handrafeindatæki (e. portable electronic device - PED) um borð í loftfari sem gæti haft neikvæð áhrif á gang kerfa og búnaðar í loftfari og skal grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að hindra slíka notkun.

#### **CAT.GEN.NMPA.125 Upplýsingar um neyðar- og björgunarbúnað um borð**

Flugrekandi skal alltaf hafa tiltækan lista, sem hægt er að miðla tafarlaust til björgunarmiðstöðva (e. rescue coordination centres – RCC), þar sem er að finna upplýsingar um neyðarbúnað og björgunarbúnað sem er um borð í hverju loftfari flugrekanda.

#### **CAT.GEN.NMPA.130 Áfengi og fíkniefni**

Flugrekandi skal grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að enginn einstaklingur komi um borð, eða sé um borð í loftfari, ef sá einstaklingur er undir áhrifum áfengis eða fíkniefna að því marki að öryggi loftfarsins eða fólks um borð gæti verið í hættu.

#### **CAT.GEN.NMPA.135 Öryggisógnir**

Flugrekandi skal grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að enginn einstaklingur, af gáleysi eða vanrækslu, geri eitthvað eða láti ógert sem:

- (a) stofnar loftfari eða einstaklingum um borð eða á jörðu niðri í hættu; eða

- (b) valdi því eða geri að verkum að loftfar setji einstakling eða eignir í hættu.

**CAT.GEN.NMPA.140 Skjöl, handbækur og upplýsingar sem bera á með sér**

- (a) Eftirfarandi skjöl, handbækur og upplýsingar skulu vera um borð í hverju flugi, sem frumskjöl eða afrit, nema annað sé tilgreint:
- (1) flughandbók loftfars (e. aircraft flight manual – AFM), eða jafngild skjöl;
  - (2) frumrit skráningarskírteinisins;
  - (3) frumrit lofthæfivottorðsins (e. certificate of airworthiness – CofA);
  - (4) hljóðstígsvottorðið, ef við á;
  - (5) afrit af flugrekstrarleyfinu (e. air operator certificate – AOC);
  - (6) rekstrarlýsingarnar sem tilheyra loftfarstegundinni, gefnar út með flugrekstrarleyfinu, ef við á;
  - (7) talstöðvarskírteini loftfarsins, ef við á;
  - (8) ábyrgðatryggingaskírteini loftfars;
  - (9) leiðarflugbókin, eða jafngildi hennar, fyrir loftfarið;
  - (10) tækniflugbók loftfarsins, í samræmi við viðauka I (lið-M) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003, ef við á;
  - (11) upplýsingar um skjöluðu flugáætlunina til flugumferðarþjónustu, ef við á;
  - (12) uppfærð og viðeigandi flugkort fyrir flugleiðina sem fljúga á og allar flugleiðir þar sem eðlilegt er að áætla að flugi gæti verið beint, ef þurfa þykir;
  - (13) verklag og upplýsingar um sjónmerki sem sendandi og móttakandi loftför nota;
  - (14) upplýsingar er varða leitar- og björgunarþjónustu á svæðinu þar sem fljúga á;
  - (15) viðeigandi tilkynningar til flugmanna (e. notice to airmen – NOTAM) og upplýsingaskjöl frá upplýsingaþjónustu flugmála (e. aeronautical information service – AIS);
  - (16) viðeigandi veðurupplýsingar;
  - (17) farþegaskrá, ef við á;
  - (18) fyrir svifflugur, skjöl um þyngd og jafnvægi og fyrir loftbelgi, skjöl um þyngd;
  - (19) ATS flugáætluninni, ef við á; og
  - (20) sérhver önnur skjöl sem geta skipt máli fyrir flugið og krafist er af ríkjunum, sem eiga hlut að máli í fluginu.
- (b) Þrátt fyrir (a), mega þau skjöl, handbækur og upplýsingar sem hér eru tilgreind vera í þjónustuökutækini eða varðveitt á flugvellinum eða starfstöðinni í flugi sem ætlunin er:
- (1) að taka á loft og lenda á sama flugvelli eða starfsstöð; eða
  - (2) vera innan nánasta umhverfis sem tilgreint er í rekstrarhandbókinni.

**CAT.GEN.NMPA.145 Framlagning skjala og skráa**

Stjórnandinn skal, ef fulltrúi stjórnvalds krefur hann um slíkt innan eðlilegra tímamarka, leggja fram skjöl þau sem krafist er að séu um borð.

**CAT.GEN.NMPA.150 Flutningur hættulegs varnings**

- (a) Flutningur hættulegs varnings skal ekki leyfður, nema þegar:
- (1) hann heyrir ekki undir tæknileiðbeiningarnar fyrir öruggan flutning hættulegs varnings í flugi (ICAO skjal 9284-AN/905) samkvæmt lið 1 í þessum leiðbeiningum; eða
  - (2) farþegar eða áhafnar meðlimir bera hann, eða hann er í farangri, í samræmi við lið 8 í tæknileiðbeiningunum.
- (b) Flugrekandi skal koma á ferlum til að tryggja að gripið sé til allra skynsamlegra ráðstafana til að hindra að hættulegur varningur berist óviljandi um borð.
- (c) Flugrekandi skal veita starfsfólki nauðsynlegar upplýsingar sem gerir því kleift að framkvæma skyldur sínar.

**CAT.GEN.NMPA.155 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli**

Flugrekandi skal útfæra:

- (a) allar öryggisráðstafanir sem lögboðnar eru af lögbæra stjórnvaldinu í samræmi við ARO.GEN.135(c); og
- (b) allar viðeigandi lögboðnar öryggisupplýsingar sem gefnar eru út af Stofnuninni, þar á meðal lofthæfitylskipanir.

**Undirliður B – Verklagsferli**

3) Nýr kafli 2 er felldur inn í undirlið B – Verklagsferli eins og hér segir:

**Kafli 2 - Óvélknúin loftför.****CAT.OP.NMPA.100 Notkun flugvalla og starfsstöðva**

Flugrekandi skal einungis nota flugvelli og starfsstöðvar sem eru hæfilegar fyrir viðkomandi tegund loftfars og tegund starfsemi sem um ræðir.

**CAT.OP.NMPA.105 Verklag fyrir hávaðamildun – loftbelgir og vélknúnar sviffflugur**

Stjórnandinn skal taka tillit til áhrifa hávaða frá loftfari, en á sama tíma tryggja að öryggi hafi forgang fram yfir hávaðamildun.

**CAT.OP.NMPA.110 Upptaka eða áætlanagerð eldsneytis og kjölfestu — loftbelgir**

- (a) Flugrekandi skal tryggja að eldsneyti eða kjölfesta um borð sé nægileg fyrir tilætlaðan flugtíma, auk neyðareldsneytis sem dugir fyrir 30 mínútna flug.
- (b) Útreikningar fyrir forða eldsneytis eða kjölfestu skulu byggjast á að minnsta kosti eftirfarandi starfrækslukilyrðum sem flug er framkvæmt eftir:
  - (1) gögnum frá framleiðanda loftbelgsins;
  - (2) áætlaðri þyngd;
  - (3) viðbúnum veðurskilyrðum; og
  - (4) ferlum og hömlum þjónustuaðila í flugleiðsöguþjónustu.
- (c) Útreikningarnir skulu skjalfestir í leiðarflugáætlun.

**CAT.OP.NMPA.115 Flutningur sérstakra flokka farþega (e. special categories of passengers - SCPs)**

Einstaklingar sem krefjast sérstakra aðstæðna, aðstoðar og/eða búnaðar þegar þeir eru um borð skulu teljast SCPs og vera fluttir við skilyrði sem tryggja öryggi loftfarsins og fólks um borð, samkvæmt verklagi sem flugrekandinn kveður á um.

**CAT.OP.NMPA.120 Kynning til farþega**

Flugrekandi skal tryggja að einstaklingar hljóti kynningu á öryggisatriðum fyrir eða, þar sem það á við, meðan á flugi stendur.

**CAT.OP.NMPA.125 Undirbúningur flugs**

Áður en flugið er hafið skal stjórnandinn:

- (a) fullvissa sig eftir öllum sanngjörnum leiðum að virki á jörðu, þar á meðal fjarskiptavirki og leiðsögutæki sem tiltæk eru og bein þörf er á í slíku flugi, fyrir örugga starfrækslu loftfarsins, séu viðunandi fyrir viðkomandi starfrækslu flugsins; og
- (b) vera kunnugur öllum tiltækum veðurfræðilegum upplýsingum sem viðkoma tilætluðu flugi. Undirbúningur fyrir flug fjarri brottfararstað skal fela í sér:
  - (1) skoðun á tiltækum og uppfærðum veðurupplýsingum og spám; og
  - (2) útfærslu varaaðgerðaáætlunar til að gera ráð fyrir þeim möguleika að ekki sé hægt að ljúka flugi eins og ráðgert var, vegna veðurskilyrða.

#### **CAT.OP.NMPA.130 Afhending flugáætlunar til flugumferðarþjónustu**

- (a) Ef flugáætlun til flugumferðarþjónustu er ekki lögð fram vegna þess að flugreglur krefjast þess ekki, skal leggja fram fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að ræsa viðbúnaðarþjónustu ef nauðsynlegt reynist.
- (b) Þegar starfrækt er frá stað þar sem ekki er hægt að afhenda flugáætlun til flugumferðarþjónustu, skal stjórnandi eða flugrekandi leggja fram flugáætlun til flugumferðarþjónustu eins fljótt og auðið er eftir flugtak.

#### **CAT.OP.NMPA.135 Öryggisráðstafanir í farþega- og flugmannarými - loftbelgir**

Stjórnandinn skal tryggja að fyrir flugtak og landingu, og hvenær sem það telst nauðsynlegt öryggisins vegna:

- (a) að allur búnaður og farangur sé rétt festur; og
- (b) að neyðarrýming sé möguleg.

#### **CAT.OP.NMPA.140 Reykingar um borð**

Engum skal leyft að reykja um borð í svifflugu eða loftbelg.

#### **CAT.OP.NMPA.145 Veðurskilyrði**

Flugstjóri skal aðeins hefja flug eða halda áfram blindflugi ef síðustu tiltæku veðurupplýsingar gefa til kynna að veðurskilyrði á flugi og á ætluðum áfangastað á áætluðum notkunartíma verði við eða yfir viðeigandi rekstrarlágmarkum blindflugs.

#### **CAT.OP.NMPA.150 Ís og önnur aðskotaefni – verklag á jörðu niðri**

Stjórnandi skal aðeins hefja flugtak ef loftfarið er laust við allar útfellingar sem gætu haft neikvæð áhrif á frammistöðu eða stjórnhæfi loftfarsins, nema eins og leyft er í samræmi við flughandbók loftfars.

#### **CAT.OP.NMPA.155 Flugtaksskilyrði**

Áður en flugtak er hafið skal stjórnandi vera þess fullviss, samkvæmt þeim upplýsingum sem eru honum/henni tiltækar, að veðrið á flugvælinum eða starfsstöðinni myndi ekki koma í veg fyrir öruggt flugtak og brottflug.

**CAT.OP.NMPA.160 Hermun afbrigðilegra aðstæðna í flugi**

Stjórnandinn skal tryggja að þegar farþegar eru fluttir, sé ekki hermt eftir afbrigðilegum aðstæðum eða neyðaraðstæðum sem krefjast beitingar ferla er þeim tengjast.

**CAT.OP.NMPA.165 Eldsneytis- og kjölfestustjórnun í flugi - loftbelgir**

Stjórnandinn skal með reglulegu millibili ganga úr skugga um að magn nothæfs eldsneytis og kjölfestu sem eftir er í flugi sé ekki minna en það eldsneyti og sú kjölfesta sem þarf til að ljúka tilætluðu flugi og þann forða sem áætlaður er fyrir landingu.

**CAT.OP.NMPA.170 Notkun á viðbótarsúrefni**

Stjórnandinn skal tryggja að flugáhafnar meðlimir er sinna skyldum, sem nauðsynlegar eru fyrir örugga starfrækslu loftfars í flugi, noti ávallt viðbótarsúrefni þegar málþrýstingshæð er meiri en 10.000 fet í meira en 30 mínútur og hvenær sem málþrýstingshæð er meiri en 13.000 fet.

**CAT.OP.NMPA.175 Aðflugs- og landingarskilyrði**

Áður en stjórnandi hefur aðflug að landingu skal hann vera fullviss um, samkvæmt upplýsingum sem eru tiltækar honum/henni, að veður á ætluðum flugvelli eða starfsstöð og skilyrði á yfirborði sem nota skal, hindri ekki öruggt aðflug og landingu.

**CAT.OP.NMPA.180 Rekstrartakmarkanir – loftbelgir með heitu lofti**

Loftbelgur með heitu lofti má taka á loft að nóttu til, að því gefnu að nægilegt eldsneyti sé um borð fyrir landingu að degi til.

**CAT.OP.NMPA.185 Rekstrartakmarkanir - svifflugur**

Sviffluga skal aðeins starfrækt að degi til.

**Undirliður C - Afköst loftfars og starfrækslumörk**

4) Nýr Kafli 4 er felldur inn í undirlið C – Afköst loftfars og starfrækslumörk, sem hér segir:

**Kafli 4 - Svifflugur****CAT.POL.S.100 Stafrækslumörk**

- (a) Á sérhverju starfræksluskeiði skulu hleðsla, þyngd og þyngdarmiðja (e. centre of gravity – CG) svifflugunnar uppfylla allar takmarkanir í flughandbókinni eða rekstrarhandbókinni (e. operations manual, OM), ef takmarkanir hennar eru meiri.
- (b) Skilti, skráningar og merkingar tækja, samsetning þessa, sem hafa að geyma þessi starfrækslumörk sem flughandbók loftfars mælir fyrir um að skuli sjást, skulu birt á svifflugunni.

**CAT.POL.S.105 Vigtun**

- (a) Flugrekandi skal tryggja að skorið hafi verið úr um þyngd og þyngdarmiðju svifflugunnar með vigtun áður en starfræksla loftfarsins hefst fyrst. Útskýra skal og skrásetja með eðlilegum hætti uppsöfnuð áhrif breytinga og viðgerða á þyngd og jafnvægi. Slíkar upplýsingar skulu gerðar tiltækar stjórnandanum.
- (b) Svifflugunni skal endurvigta ef ekki er nákvæmlega vitað um áhrif breytinga á þyngd og jafnvægi.

**CAT.POL.S.110 Afköst**

Stjórnandi skal aðeins starfrækja sviffluguna ef afköst þess eru hæfileg til að uppfylla viðeigandi flugreglur og aðrar takmarkanir sem eiga við um flugið, loftrýmið eða flugvellina eða starfsstöðvarnar sem nota skal, og skal á sama tíma taka tillit til nákvæmni allra korta.

6) Nýr Kafli 5 er felldur inn í undirlið C – Afköst loftfars og starfrækslumörk, sem hér segir:

### **Kafli 5 - Loftbelgir.**

#### **CAT.POL.B.100 Stafrækslumörk**

- (a) Á sérhverju starfræksluskeiði skulu hleðsla og þyngd loftbelgsins uppfylla allar takmarkanir í flughandbókinni eða rekstrarhandbókinni (e. operations manual, OM), ef takmarkanir hennar eru meiri.
- (b) Skilti, skráningar og merkingar tækja, samsetning þessa, sem hafa að geyma þessi starfrækslumörk sem flughandbók loftfars mælir fyrir um að skuli sjást, skulu birt á loftbelgnum.

#### **CAT.POL.B.105 Vigtun**

- (a) Flugrekandi skal tryggja að skorið hafi verið úr um þyngd loftbelgsins með vigtun áður en starfræksla loftfarsins hefst fyrst. Útskýra skal og skrásetja með eðlilegum hætti uppsöfnuð áhrif breytinga og viðgerða á þyngd. Slíkar upplýsingar skulu gerðar tiltækar stjórnandanum.
- (b) Loftbelginn skal endurvigta ef ekki er nákvæmlega vitað um áhrif breytinga á þyngd.

#### **CAT.POL.B.110 Kerfi til að skera úr um þyngd**

- (a) Flugrekandi loftbelgs skal koma á kerfi sem tilgreinir hvernig skorið er úr um eftirfarandi atriði fyrir hvert flug, til að gera stjórnandanum kleift að staðfesta að takmarkanir flughandbókar loftfars séu uppfylltar:
  - (1) eigin þyngd loftbelgs;
  - (2) þyngd flutningshleðslu;
  - (3) þyngd eldsneytis eða hleðslu kjölfestu;
  - (4) flugtaksþyngd;
  - (5) hleðsla loftbelgsins sem framkvæmd er undir eftirliti stjórnandans eða þar til bærs starfsfólks;
  - (6) undirbúningur og niðurröðun allra skjala.
- (b) Stjórnandinn skal geta endurtekið þyngdarútreikningana sem byggjast á rafrænum útreikningum.
- (c) Þyngdarskjölin skulu útbúin fyrir hvert flug og skjalfest í leiðarflugáætlun.

#### **CAT.POL.B.115 Afköst**

Stjórnandi skal aðeins starfrækja loftbelginn ef afköst hans eru hæfileg til að uppfylla viðeigandi flugreglur og aðrar takmarkanir sem eiga við um flugið, loftrýmið eða flugvellina eða starfsstöðvarnar sem nota skal, og skal á sama tíma taka tillit til nákvæmni allra korta.

**Undirliður D – Kerfi, gögn, tæki**

- 7) Nýr Kafli 3 er felldur inn í undirlið D – Kerfi, gögn og tæki, sem hér segir:

**Kafli 3 - Svifflugur****CAT.IDE.S.100 Tæki og búnaður - almennt**

- (a) Tæki og búnaður, sem krafist er í þessum undirlið, skulu vera samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003, ef þau eru:
- (1) notuð af flugáhöfninni til að stjórna flugslóðinni;
  - (2) notuð til að uppfylla CAT.IDE.S.140;
  - (3) notuð til að uppfylla CAT.IDE.S.145; eða
  - (4) uppsett á svifflugunni.
- (b) Eftirfarandi atriði, þegar þeirra er krafist af þessum undirlið, krefjast ekki samþykki búnaðar:
- (1) sjálfstætt handljós,
  - (2) nákvæmt tímamælitæki, og
  - (3) björgunar- og merkjabúnaður.
- (c) Tæki og búnaður sem þessi undirliður krefst ekki, sem og annar búnaður sem aðrir viðaukar krefjast ekki, en er um borð í flugi, skal uppfylla eftirfarandi:
- (1) upplýsingarnar í þessum tækjum eða búnaði skulu ekki notaðar af flugáhöfn til að sýna fylgni við viðauka I við reglugerð (EB) nr. 216/2008; og
  - (2) tækin og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi svifflugur, jafnvel þegar um er að ræða bilun.
- (d) Tæki og búnaður skulu vera auðveldlega nothæf og aðgengileg frá þeirri stöð sem þeir flugáhafnarmeðlimir sitja sem þurfa að nota þau.
- (e) Sá neyðarbúnaður, sem krafist er, skal vera hæglega tiltækur til tafarlausrar notkunar.

**CAT.IDE.S.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug**

Ekki skal hefja flug þegar eitthvert tæki í svifflugunni, búnaður eða starfræksla, sem krafist er fyrir hið fyrirhugaða flug, eru ekki starfhæf eða ekki fyrir hendi, nema að svifflugan sé starfrækt í samræmi við grunnlistann yfir lágmarksbúnað (e. minimum equipment list, MEL).

**CAT.IDE.S.110 Starfræksla við sjónflugsskilyrði — flug- og flugleiðsögutæki**

- (a) Svifflugur sem starfræktar eru við sjónflugsskilyrði að degi til skulu búnar aðferðum til að mæla og birta:
- (1) hvað varðar vélflugur, segulstefnu;
  - (2) tíma, í klukkustundum, mínútum og sekúndum;

- (3) málprýstingshæð, og
  - (4) sýndan flughraða.
- (b) Svifflugur sem starfræktar eru við skilyrði þar sem ekki er hægt að halda svifflugunni í æskilegu horfi án þess að nota eitt eða fleiri viðbótartæki, skulu, til viðbótar við (a), vera búnar aðferðum til að mæla og birta:
- (1) stig og fall;
  - (2) horf eða beygju og halla; og
  - (3) segulstefnu.

### **CAT.IDE.S.115 Flogið í skýjum — flug- og flugleiðsögutæki**

Svifflugur sem fljúga í skýjum skulu búnar aðferðum til að mæla og birta:

- (a) segulstefnu;
- (b) tíma í klukkustundum, mínútum og sekúndum;
- (c) málprýstingshæð;
- (d) sýndan flughraða;
- (e) stig og fall; og
- (f) horf eða beygju og halla.

### **CAT.IDE.S.120 Sæti og aðhaldsbúnaður**

- (a) Svifflugur skulu búnar:
  - (1) sæti fyrir hvorn einstakling um borð; og
  - (2) sætisbelti með aðhaldsbúnaði fyrir efri bók fyrir hvort sæti samkvæmt flughandbók loftfarsins.
- (b) Það skal vera hægt að losa sætisbelti með aðhaldsbúnaði fyrir efri bók með einu átaki.

### **CAT.IDE.S.125 Viðbótarsúrefni**

Svifflugur sem starfræktar eru í málprýstingshæð yfir 10.000 fetum skulu búnar súrefnisgeymslu og súrefnisbúnaði sem getur geymt nægilegt súrefni fyrir:

- (a) áhafnarmedlimi í meira en 30 mínútur þegar málprýstingshæð verður á milli 10.000 fet og 13.000 fet; og
- (b) alla áhafnarmedlimi og farþega í allan þann tíma sem málprýstingshæð verður yfir 13.000 fetum.

### **CAT.IDE.S.130 Flug yfir vatn**

Stjórnandi svifflugunar sem starfrækt er yfir vatni skal ákvarða hættuna á því að fólk um borð í svifflugunni lifi ekki af ef það kemur til nauðlendingar, en á grundvelli þess ákveður hann/hún hvort um borð sé:

- (a) björgunarvesti, eða jafngildur flotbúnaður fyrir hvern einstakling um borð, en honum skal klæðast eða hann geymdur í stöðu sem gerir kleift að ná til hans með auðveldum hætti úr sæti eða legurúmi þess einstaklings, sem búnaðurinn er ætlaður;
- (b) neyðarsendir (e. emergency locator transmitter, ELT) eða persónulegur staðsetningarsendir (e. personal locator beacon, PLB), sem áhafnar meðlimur eða farþegi ber, sem getur sent út samtímis á 121,5 MHz og 406 MHz; og
- (c) búnaður til að gefa neyðarmerki, í starfrækslu flugs:
  - (1) yfir vatni eða hafi lengra en svifflungsjarlægð frá landi; eða
  - (2) þar sem flugtaks- og aðflugsslóð er þannig yfir vatni eða hafi að líkur eru á nauðlendingu komi til óhapps.

#### **CAT.IDE.S.135 Björgunarbúnaður**

Sviffflugur sem starfræktar eru yfir svæðum þar sem sérlega erfitt er að koma við leit og björgun, skulu búnar slíkum merkjabúnaði og björgunarbúnaði eins og við á eftir því svæði sem flogið er yfir.

#### **CAT.IDE.S.140 Þráðlaus fjarskiptabúnaður**

- (a) Þar sem loftrýmið sem flogið er í krefst þess skulu sviffflugur vera búnar þráðlausum fjarskiptabúnaði sem er fær um gagnkvæm samskipti við þær flugmálastöðvar eða á þeirri tíðni sem uppfylla kröfur loftrýmisins.
- (b) Þráðlaus fjarskiptabúnaður, ef hans er krafist af (a), skal vera fær um fjarskipti á neyðarbylgjunni 121,5 MHz.

#### **CAT.IDE.S.145 Leiðsögutækjabúnaður**

Sviffflugur skulu búnar öllum flugleiðsögubúnaði sem þarf svo að hægt sé að fljúga samkvæmt:

- (a) ATS flugáætluninni, ef við á; og
- (b) viðeigandi loftrýmiskröfum.

#### **CAT.IDE.S.150 Ratsjársvari**

Þegar þess er krafist af því loftrými sem flogið er í, skulu sviffflugur vera búnar ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá (e. secondary surveillance radar, SSR) með allri tilskilinni hæfni.

- 8) Nýr Kafli 4 er felldur inn í undirlið D – Kerfi, gögn og tæki, sem hér segir:

#### **Kafli 4 - Loftbelgir.**

##### **CAT.IDE.B.100 Tæki og búnaður - almennt**

- (a) Tæki og búnaður, sem krafist er í þessum undirlið, skulu vera samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1702/2003, ef þau eru:
- (1) notuð af flugáhöfninni til að stjórna flugslóðinni;
  - (2) notuð til að uppfylla CAT.IDE.S.145; eða
  - (3) uppsett á loftbelgnum.
- (b) Eftirfarandi atriði, þegar þeirra er krafist af þessum undirlið, krefjast ekki samþykki búnaðar:
- (1) sjálfstætt handljós,
  - (2) nákvæmt tímamælitæki, og
  - (3) skyndihjálparbúnaður,
  - (4) björgunar- og merkjabúnaður;
  - (5) varaneistagjafa;
  - (6) eldvarnarteppi eða brunapolin ábreiða;
  - (7) lína; og
  - (8) hnífur.
- (c) Tæki og búnaður sem þessi undirliður krefst ekki, sem og annar búnaður sem aðrir viðaukar krefjast ekki, en er um borð í flugi, skal uppfylla eftirfarandi:
- (1) upplýsingarnar í þessum tækjum eða búnaði skulu ekki notaðar af flugáhöfn til að sýna fylgni við viðauka I við reglugerð (EB) nr. 216/2008; og
  - (2) tækin og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi loftbelgsins, jafnvel þegar um er að ræða bilun.
- (d) Tæki og búnaður skulu vera auðveldlega nothæf og aðgengileg frá þeirri stöð sem flugáhafnarmeðlimum sem þurfa að nota þau er úthlutað.
- (e) Sá neyðarbúnaður, sem krafist er, skal vera hæglega tiltækur til tafarlausrar notkunar.

##### **CAT.IDE.B.105 Lágmarksbúnaður fyrir flug**

Ekki skal hefja flug þegar eitthvert tæki í loftbelgnum, búnaður eða starfræksla, sem krafist er fyrir hið fyrirhugaða flug, eru ekki starfhæf, nema að loftbelgurinn sé starfræktur í samræmi við grunnlistann yfir lágmarksbúnað (e. minimum equipment list, MEL).

##### **CAT.IDE.B.110 Starfræksluljós**

Lofbelgir sem starfræktir eru að nóttu til skulu búnir:

- (a) staðsetningarljósum;
- (b) aðferðum til að veita næga birtu fyrir öll tæki og búnað sem eru nauðsynleg fyrir örugga starfrækslu loftbelgsins; og
- (c) sjálfstæðu handljósi.

**CAT.IDE.B.115 Starfræksla við sjónflugsskilyrði — flug- og flugleiðsögutæki og tengdur búnaður**

Loftbelgir sem starfræktir eru við sjónflugsskilyrði skulu búnir:

- (a) aðferðum til að sýna rekstefnu; og
- (b) aðferðum til að mæla og sýna:
  - (1) tíma, í klukkustundum, mínútum og sekúndum;
  - (2) stig og fall, ef flughandbók loftfars krefst þess; og
  - (3) málþrýstingshæð, ef flughandbók loftfars krefst þess, ef loftrýmiskröfur krefjast hennar eða þegar stjórn þarf flughæð vegna súrefnisnotkunar; og
  - (4) nema fyrir loftbelgi með gasi, þrýsting hverrar hleðsluleiðslu sem brennir gasi.

**CAT.IDE.B.120 Aðhaldsbúnaður**

Loftbelgir með hólfaskiptum körfum skulu útbúnir aðhaldsbúnaði fyrir stjórnandann.

**CAT.IDE.B.125 Sjúkrakassar**

- (a) Loftbelgir skulu búnir sjúkrakassa.
- (b) Viðbótarsjúkrakassi skal vera í þjónustuökutækinu.
- (c) Sjúkrakassinn skal vera:
  - (1) aðgengilegur til notkunar; og
  - (2) uppfærður.

**CAT.IDE.B.130 Viðbótarsúrefni**

Loftbelgir sem starfræktir eru í málþrýstingshæð yfir 10.000 fetum skulu búnir súrefnisgeymslu og súrefnisbúnaði sem getur geymt nægilegt súrefni fyrir:

- (a) áhafnar meðlimi í meira en 30 mínútur þegar málþrýstingshæð verður á milli 10.000 fet og 13.000 fet; og
- (b) alla áhafnar meðlimi og farþega í allan þann tíma sem málþrýstingshæð verður yfir 13.000 fetum.

**CAT.IDE.B.135 Handslökkvitæki**

Loftbelgir með heitu lofti skulu útbúnir a.m.k. einu handslökkvitæki eins og krafist er af viðeigandi lofthæfireglum.

**CAT.IDE.B.140 Flug yfir vatn**

Stjórnandi loftbelgs sem starfræktur er yfir vatni skal ákvarða hættuna á því að fólk í um borð í loftbelgnum lifi ekki af ef það kemur til nauðlendingar, en á grundvelli þess ákveður hann/hún hvort um borð sé:

- (a) björgunarvesti fyrir hvern einstakling um borð eða jafngildur flotbúnaður fyrir hvern einstakling yngri en 24 mánaða. Búnaðinum skal klæðast eða hann geymdur í stöðu sem gerir kleift að ná til hans með auðveldum hætti úr stöð þess einstaklings, sem búnaðurinn er ætlaður;
- (b) neyðarsendir (e. emergency locator transmitter, ELT) eða persónulegur staðsetningarsendir (e. personal locator beacon, PLB), sem áhafnar meðlimur eða farþegi ber, sem getur sent út samtímis á 121,5 MHz og 406 MHz; og
- (c) búnaður til að gefa neyðarmerki.

**CAT.IDE.B.145 Björgunarbúnaður**

Loftbelgir sem starfræktir eru yfir svæðum þar sem sérlega erfitt er að koma við leit og björgun, skulu búnir slíkum merkjabúnaði og björgunarbúnaði eins og við á eftir því svæði sem flogið er yfir.

**CAT.IDE.B.150 Margvíslegur búnaður**

- (a) Loftbelgir skulu búnir með hlífðarhönskum fyrir hvern áhafnar meðlim.
- (b) Loftbelgir með heitu lofti skulu búnir með:
  - (1) varaneistagjafa;
  - (2) aðferðum til að mæla og sýna eldsneytismagn;
  - (3) eldvarnarteppi eða brunapolinni ábreiðu; og
  - (4) línu sem er að minnsta kosti 25 m að lengd.
- (c) Loftbelgir með gasi skulu búnir með:
  - (1) hníf; og
  - (2) línu sem er a.m.k. 20 metrar að lengd og er úr náttúrulegum trefjum eða rafstöðuleiðandi efni.

**CAT.IDE.B.155 Þráðlaus fjarskiptabúnaður**

- (a) Þegar loftrýmiskröfur krefjast þess, skulu loftbelgir vera búnir þráðlausum fjarskiptabúnaði á starfsstöð flugmannsins, sem er fær um gagnkvæm samskipti við þær flugmálastöðvar eða á þeirri tíðni sem uppfylla kröfur loftrýmisins.
- (b) Þráðlaus fjarskiptabúnaður, ef hans er krafist af (a), skal vera fær um fjarskipti á neyðarbylgjunni 121,5 MHz.

**CAT.IDE.B.160 Ratsjársvari**

Þegar þess er krafist af því loftrými sem flogið er í, skulu loftbelgir vera búnir ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá (e. secondary surveillance radar, SSR) með allri tilskilinni hæfni.